

**Frá Isabel Alejandra Díaz  
Verkefnastjóra Tungumálatöfra  
Edinborgarhúsinu á Ísafirði**

**29.10.2017**

**Til Ísafjarðarbæjar  
Beiðni um fjárframlag til Tungumálatöfra 2018 – 2020**

**Óskað er eftir 500.000 króna fjárframlagi á ári til þriggja ára frá Ísafjarðarbæ. Stuðningurinn verður nýttur til þróunar verkefnisins sem getur í framtíðinni orðið mikilvægur liður í menningartengdri ferðamennsku fyrir bæjarfélagið.**

**Meðfylgjandi er lýsing á tilraun sem gerð var sumarið 2017 með verkefnið og lýsing á fyriráætlunum fyrir árið 2018. Við leggjum þetta fram sem þriggja ára áætlun sem verður endurskoðuð af starfsstjórn og áhugafélagi um verkefnið í samstarfi við bæjarfélagið.**

**Í viðhengi er:**

**Fjárhagsáætlun fyrir 2018**

**Skýrsla um þátttöku verkefnisins á Menningarlandinu, ráðstefnu um barnamenningu sem fram fór á Dalvík 13. - 14.9. 2017.**

## **TUNGUMÁLATÖFRAR**

### **Stutt lýsing:**

Tungumálatöfrar er sumarnámskeið á Ísafirði fyrir tví- og fjöltyngd börn og er markmið þess að búa til málörvandi námskeið í gegnum listkennslu. Námskeiðið er hugsað fyrir íslensk börn sem að hafa fæðst eða flutt erlendis og börn af erlendum uppruna sem hafa sest að hér á landi.

Listamenn og kennarar leiða börnin áfram í umhverfi sem styrkir sjálfsmynd þeirra.

Sumarnámskeiðinu lýkur með tungumálaskrúðgöngu þar sem fjölbreytileikanum er fagnað á margvíslegan hátt. Námskeiðið verður haldið næst 6. – 11. ágúst 2018

### **Ítarlegri lýsing:**

Tungumálatöfrar er árlegt sumarnámskeið fyrir tví- og fjöltyngd börn á Ísafirði. Markmið þess er að örva íslenskukunnáttu þar sem íslenska er annað eða eitt af mörgum tungumálum barnanna. Námskeiðið er hugsað fyrir bæði fyrir íslensk börn sem að hafa fæðst erlendis eða flutt til útlanda og börn af erlendum uppruna sem að hafa sest að hér á landi. Núna í ár (2017) förum við af stað með námskeiðið sem tilraun og vorum með 15 börn á aldrinum 5-8 ára sem að töluðu samtals 7 tungumál. Við ákváðum að hafa þetta opið öllum börnum í Ísafjarðarbæ.

Samsetningin var sem hér segir: tvö börn sem búa erlendis og annað foreldra þeirra er íslenskt; fjögur börn sem eiga pólska foreldra sem eru innflytjendur á Íslandi; fjögur börn sem eiga heima á Íslandi en annað foreldrið er af útlendu bergi brotið; tvö börn flóttafólks á Ísafirði og þrjú börn sem eiga heima á Ísafirði og báðir foreldrar eru íslenskir.

Kennt var tvo tíma á dag í eina viku. Kennslan var blanda af leikjum, tónlist, sögum, skoðunarleiðangri og verkefnavinnu. Í upphafi hvorrar kennslustundar var byrjað á því að hita upp með tónlist og leik en eftir það var farið í verkefni dagsins. Boðið var upp á ávaxastund í miðju prógrammi og þá gafst stund til að spjalla um allt milli himins og jarðar. Nemendur fengu að nota hugmyndaflug sitt við úrvinnslu verkefna og leitað var eftir viðbrögðum hjá þeim til að hvetja þau til að tjá sig á. Verkefnið gáfu nemendum tækifæri til að nota fleiri en eitt tungumál og kenna hinum sitt tungumál. Kennararnir voru mjög hvetjandi og fengu börnin til þess að tala um heimalöndin sín og tungumálin sín. Þetta var hluti af kennslunni, svo þarna sköpuðum við öruggan vettvang fyrir börnin til þess að tala um sig og sinn bakgrunn. En með þessu móti eru þau viljug til þess að deila með okkur sínum siðum, hefðum og menningu. Rætur okkar eru hluti af sjálfsmyndinni og það styrkir sjálfsmyndina að geta verið stolt af því hvaðan við erum og að rækta tungumálin sem okkur eru gefin. Við stefnum á að geta snert ýmsa nauðsynlega þætti varðandi fjölmenningu eftir því sem Tungumálatöfrar verða stærri. Hver kennsludagur endaði síðan á söngstund.

Tungumálaskrúðgangan sem farin var 2017 átti upphaflega að vera lítil ganga barnanna sem voru á námskeiðinu þar sem þau ætluðu niður í fjöru að fleyta bátunum sínum. Hún snérist hinsvegar upp í 90 manna göngu þar sem fólk á öllum aldri kom saman til að fagna fjölbreytileikanum. Árið 2018 ætlum við að byggja á þeirri jákvæðu reynslu og búa til bæjarveislu út frá skrúðgöngunni. Það að svona margir hafi mætt í skrúðgönguna segir okkur að það er mikil eftirspurn eftir þessu og tilhlökkun. Það er til umræðu að fá fjölskyldur barnanna til þess að taka meiri þátt með því að til dæmis matreiða þjóðarrétti og klæðast þjóðbúningunum sínum, og einnig koma á tungumálaviku á Ísafirði um leið og námskeiðið er haldið, sem yrði þá að þema í öllu starfi bæjarins. Hugmyndin er að búa til eins dags bæjarveislu byggða á því.

Hér er myndband sem sýnir brot af því starfi sem fram fór:

<https://www.youtube.com/watch?v=18b5QuaWY6Y&feature=youtu.be>

Hér er tenglar á fjölmiðlaumfjöllun um verkefnið:

<http://www.ruv.is/sarpurinn/ruv/krakkafrettir/20170921>

<http://www.bb.is/2017/08/hressir-krakkar-i-skrudgongu/>

<https://vimeo.com/229281825>

[http://www.mbl.is/.../i.../2017/08/09/tala\\_samtals\\_sjo\\_tungumal/](http://www.mbl.is/.../i.../2017/08/09/tala_samtals_sjo_tungumal/)

<http://www.bb.is/2017/08/forsetafruin-maetir-tungumalaskrudgongu/>

<http://www.bb.is/2017/07/tungumalatofrar-a-isafirdi/>

## **Dagskráin 2018**

Dagskráin í ágúst 2018 byggir á þessari tilraun sem vísað er í að ofan.

Námskeiðið verður haldið 6. – 10. ágúst frá kl. 13 – 17. Unnið verður með öllum skólastigum í Ísafjarðarbæ að því að gera tungumál og fjölbreytni að þema þessarar viku sem Tungumálatöfrar standa yfir. Tungumálaskrúðgangan verður þann 10. ágúst.

### **Námskeiðið:**

Fjölgað verður upp í 30 pláss fyrir 5 – 8 ára börn. Jafnframt verður dregið saman hvaða námskeið eru í boði fyrir eldri börn á svæðinu og námskeiðið tengt við tungumálaskrúðgönguna sem verður opin öllum.

Leiðbeinendur á námskeiðinu verða áfram Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir myndlistarkona og kennari við Grunnskólann á Ísafirði, Nína Ivanova myndlistarkona, Jón Gunnar Biering Margeirsson tónlistarkennari og Isabel Alejandra Díaz sem jafnframt er verkefnastjóri. Með fjölgun barna verður hugað að því að fjölga kennurum ef eftirspurn krefur.

Á námskeiðinu er unnið með þemað um ferðalag þar sem börnin búa til sinn eigin bát úr notaðri mjólkurfernu. Þau bæta svo við áhöfn og kosti og leggja síðan í ferðalag saman um heiminn. Þau tala og syngja saman á íslensku en þegar þau fara að ferðast um heiminn þá kemur sér vel að í hópnum skuli vera krakkar sem geta talað ólík tungumál og bjargað sér á pólsku í Póllandi, á portúgölsku í Brasilíu, á ensku í Bandaríkjunum o.s.frv. Þegar kaupa þarf kost til að halda ferðalaginu áfram. Þannig er málvitun þeirra á íslensku örvuð um leið og sjálfsvitund þeirra er styrkt með því að veita getu þeirra í tungumálum athygli.

Námskeiðið fer fram í Menningarmiðstöðinni Edinborg á Ísafirði en það rekur verkefnið í samstarfi við áhugamannafélag um fjöltyngi og Ísafjarðarbæ.

### **Grundvöllurinn:**

Lögð verður áhersla á að börn sem að búa erlendis geti ræktað tengsl sín við Ísland og skapað tengingar við börn sem að búa á Íslandi. Einnig verður lögð áhersla á að ná til barna innflytjenda á Íslandi.